


Lágaskarðsvegur.

Frá Svínahrauni lágu leiðir í Lágaskarð eða Þrengsli. Var þá stefnt frá Svínahraunsbruna um slétt hraun með úfnari hraun á báðar hendur að Litla-Reykjafelli og suður fyrir það í stefnu á Þrengslahnjúk. Einnig lá leið frá Kolviðarhóli í Þrengsli eða Lágaskarð.

Hér verður lýst leið um Lágaskarð og Lönguhlíð og hefst lýsingin við göng undir Suðurlandsveg neðst í Hveradalabrekku. Þegar gegnum þau er komið er farið til hægri stuttan spöl að enda göturnar við vegfyllinguna (N64°01.421' W021°24.968'). Gatan er þakin mosa eins og hraunið umhverfis og er því ógreinileg en með athygli er hún sjáanleg. Ef ekið er austur Suðurlandsveg sést af honum hvernig gatan liðast í nokkrum hlykkjum upp brekkuna. Einnig er hægt að komast á götuna með því að ganga undir hlíðinni að Þrengslahnjúki og síðan upp með honum og á götuna. Gatan er þrædd upp brekkuna inn fyrir Þrengslahnjúk sem er nyrstur Gráhnjúka og stefnt í skarðið milli hans og Lágaskarðshnúks sem er austan við götuna. Farið er yfir veg sem liggur að borholu dálítið sunnar og svo með hraunbrún og er varða þar á brún. Síðan er sveigt til suðurs og farið austan með veginum og stefnt austan við lága hraundyngju mosavaxna og er þá brattur hryggur framundan. Stefnt er í skarð milli hryggjarins og lágs hólts og er þar varða við götuna. Nú er farið um rudda götu yfir hrygginn og heitir þar Lákastígur (N64°00.689' W021°24.645').



Hér er hægt að stoppa og litast um. Til vesturs eru Gráhnjúkar og svo Stóri Meitill sunnar en nær er Stóridalur og Ljótidalur. Í austur eru Lakahnjúkar (Lakar) og svo Lakadalur og sunnan þar við er Stóra-Sandfell. Framundan eru Hellurnar slétt hraun sem nær suður úr Lágaskarði sem er á milli Stóra-Sandfells og Stóra-Meitils. Hraunið hefur runnið úr gossprungu við Lakahnjúka mjög þunnfljótandi og hefur myndað stóra hrauntjörn fjalla á millum. Þegar hraunið náði framrás suður úr skarðinu lækkaði í hrauntjörninni og sést hraunkragi í hlíðunum allt um kring. Við göngum af Lákastíg og fljótlega eru gatnamót (N64°00.486' W021°24.724') við leið af Hveradalaf্লöt sem Suðurlandsvegurinn þverar sunnan Skíðaskálans í Hveradölum. Leið af Hveradalaf্লöt liggur með hlíðum Lakahnjúka og er greiðfær og hefur líklega frekar verið valin en leiðin um Lákastíg ef hestar voru í för. En snúum aftur á okkar leið þar sem við göngum fram hjá vörðu og fram á Hellurnar þar sem sést hvernig umferðin hefur markað spor í hraunið (N64°00.259' W021°24.692'). Við stefnum á undirhliðar Stóra-Meitils og göngum hjá vörðu og sjáum staka vörðu sem heitir Tryppavarða í átt að Lakadal. Sveigt er frá hlíðinni (N63°59.831' W021°24.584') og stefnt í átt að Stóra Sandfelli svo hækkum okkur svolítið og komum svo að vörðu á brún ofan við Efra-Sanddalaklif. Hér er mikið útsýni fram yfir Sanddali, Lönguhlíð, Innbruna og Frambruna. Til vesturs eru Krossfjöll, Geitafell, Litla-Sandfell, Litli-Meitill og nær innri og fremri-Eldborg.



Nú liggur leiðin niður Efra og Neðra-Sanddalaklif niður í Sanddali. Snókahlíð heitir hlíðin (hraunbrúin) vestan við leiðina. Niður í Sanddölunum liggur leiðin austanvert á sandsléttu en vestan í þeim eru nokkur hlaðin byrgi líklega skotbyrgi refaskyttna. Hægt er að ganga götu í Sanddali frá Meitilflöt. Gatan hefst við vesturendan á Kvíum sem er grasi gróin kví í hraunið (N63°58.433' W021°25.473') Syðst í í Sanddölum leggst hraun, Innbruni upp að Innra-

Lönguhlíðarhorni og er þar einstigi í gegn. Svo fer að víkka dálítið milli hrauns og hlíðar sem heitir Tvístæðishlíð. Þegar Tvístæðishlíð sleppir er komið að laut sem Greifalaut heitir eftir Jóni greifa sem svo var kallaður eftir að hann fann úr (Bakkaúr) þarna í lautinni. Næst er dálítill krókur upp í hlíðina sem heitir Ólundarkrókur. Ekki er vitað hvers vegna en áður var heyjað hér undir Lönguhlíð og kannski misgott til slægna. Þar við krókinn (N63°57.158' W021°23.917') eru gatnamót við götu sem kemur frá Litla-Sandfelli. Á þá leið kemur gata frá Vínheimum við Hlíðardalsskóla um Torfdal, Torfdalsmel að austurhorni Krossfjalla og þaðan á fyrrnefnda götu frá Litla-Sandfelli. Ekki eru gatnamótin greinileg því gatan kemur ofan af hrauninu niður á götuna með Lönguhlíð. Næst er Gvendardalur sem er eiginlega jarðfall upp í hlíðina. Gengið er hjá einmannalegri birkihríslu og svo er komið þar sem Stórhvammur er upp í Lönguhlíð. Litlihvammur er næst og svo spöl neðar kúrir Hraunsel, sel frá Hrauni í Ölfusi undir hraunbrúninni (N63°56.460' W021°22.991'). Nokkru neðar er komið gróna flöt neðan við Lönguhlíðarhorn. Ekki er haldið áfram niður með hlíðinni og raunar verður þar fljótt illfært í hrauni. Framhald leiðarinnar Selstígur liggur upp til austurs (N63°56. 266' W021°22.623') sunnan Lönguhlíðarhorns yfir í hvamm sem heitir eftir Selstígnum og niður hann að vegi sem liggur í malarnámu. Þaðan er stutt niður á Þrengslaveg (N63°55. 786' W021°21 845') Leiðin er um 15 Km.

Jón Svanþórsson.

